

VIII. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

40. gr.

Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar, tækjum og útbúnaði, fer eftir almennum reglum.

Hafnarsjóður ber ekki ábyrgð á tjóni, sem verða kann á eignum (skipum, munum eða öðrum verðmætum), manna eða félaga, ef þeir hafa vanrækt að fara eftir fyrir-mælum hafnarstjóra eða starfsmanna hafnarinnar.

41. gr.

Engum, sem bakað hefur sér refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugerð þessari, heimilast að fara burt úr höfninni meðan mál hans er útíkljád, nema hann setji tryggingu, sem hafnarstjórn tekur gilda.

42. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari heimilast að gefa forráða-mönnum skips má gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi, né heldur umboðs-maður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfn-inni skipunina og er það jafngilt því, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

43. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð.

44. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, stað-festist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Suðureyrarkauptún nr. 74 18. maí 1948 með áorðnum breytingum.

Samgönguráðuneytið, 13. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Þegar Hvolhreppur hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skólp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver húseigandi að láta gera ræsi, skal hreppsnefnd heimilt, með hæfilegum fyrirvara, að vinna verkið á kostnað húseiganda.

Bannað er að leiða frárennsli frá gripahúsum í holræsi hreppsins.

2. gr.

Hvollhreppur lætur leggja holræsastúta út frá aðalræsi í nýjum götum, sem hann lætur gera eftir 1. jan. 1972. Skulu stútar þessir ná út fyrir götu að lóðarmörkum húsa. Heimlagnir eru á kostnað húseiganda. Við raðhús eða fjölbýlishús skal fara eftir nánari skilmálum um lóðarúthlutun.

3. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd hefur falið umsjón með lagningu holræsa frá því og fá samþykki þar til.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrir mælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

4. gr.

Allt efni, sem notað er til holræsagerðar, skal standast kröfur byggingarsamþykktar, en auk þess getur byggingarnefnd sett reglur um sérstaka hreinsibrunna á holræsakerfi húseiganda, þar sem ástæða þykir til.

5. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppsjóði. Til að standast þann kostnað, svo og viðhald aðalholræsakerfisins, ber hverjum húseiganda eða íbúðareiganda, sem á hús eða íbúð við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalholræsi kr. 5 000.00 miðað við hús með einni íbúð. Hækkar gjald þetta um kr. 3 000.00 við hverja íbúð í húsinu umfram eina, sé eigandinn hinn sami að öllum íbúðunum. Fyrir atvinnuhúsnæði greiðast kr. 10.00 á hvern m³ húseignarinnar.

Auk tengigjalds skal húseigandi eða íbúðareigandi greiða árlegt holræsagjald til hreppsins 0.25% af fasteignamati húseignanna og lóðar eins og það er reiknað á hverjum tíma.

Gjald þetta skal þó aldrei vera minna en kr. 2 000.00 af íbúð. Undanþága frá greiðslu hins almenna fasteignaskatts skapar ekki undanþágu frá greiðslu holræsagjalds. Sé hús, sem greiða ber holræsagjald fyrir, ekki virt fasteignamatsvirðingu ákveður hreppsnefnd gjaldið.

6. gr.

Hið árlega holræsagjald, svo og tengigjald, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50% án samþykkis ráðuneytisins.

7. gr.

Holræsagjald greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppnum.

Kröfur þær, sem hreppsnefnd kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjalds er 15. janúar ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

8. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00 nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum, sekt þessi rennur í sveitarsjóð. Mál út af broti gegn reglugerð þessari skal fara með sem almennt lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvolhrepps í Rangárvallasýslu, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu nr. 203 30. des. 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

17. apríl 1973.

Nr. 126.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hvolhrepps, Rangárvallasýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvolhrepps fer með yfirstjórn vatnsveitunnar, sem er eign Hvolhrepps. Hún hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og getur fullnægt.

Hreppsnefnd er heimilt að skipa sérstaka vatnsveitunefnd til að fara með málefni vatnsveitunnar.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Hvolhrepps með sérstöku reikningshaldi.

2. gr.

Heimilt er að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu, umsjón með nýlögnum og annist störf í þágu vatnsveitunnar, ef henta þykir.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar og götuæðar. Í nýjum götum leggur vatnsveitan greinar frá götuæðum að lóðarmörkum. Frá vatnsæðum vatnsveitunnar leggur húseigandi vatnsæðar á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, er húseign á við götu eða veg, sem vatnsæð er í, á rétt að tengja vantsæð frá henni á eigin kostnað við hús sitt, enda sé það reist með samþykki byggingarnefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu að jafnaði leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, sem vatnsveitan setur hverju sinni.

Réttur húseigandans til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur. Ef sýnt þykir, að götuæðar þær, sem fyrir eru, geti eigi séð atvinnufyrirtækjum eða öðrum, sem óska eftir vatni til annarra þarfa en heimilisnota, fyrir nægjanlegu vatni, er notanda skylt að greiða kostnað við nauðsynlegar úrbætur eftir úrskurði vatnsveitunnar.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu eða þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur vatnsveitan sett það skilyrði fyrir lögnum vatnsæðar, að tryggt sé, að